


# KÖRFUKNATLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



ÁRŠSKÝRSLA 1981.

## SKÝRSLA STJÓRNAR K.K.Í.

### ALMENNT

Telja verður að það starfsár Körfuknattleikssambandsins sem nú er að ljúka hafi verið mjög farsælt.

Þótt ýmislegt hafi að sjálfsögðu mátt betur fara, hefur enn meira áunnist.

Árangur landsliðsins er mjög athyglisverður og staða íslensks körfuknattleiks hefur ekki áður verið jafn góð á alþjóðavettvangi.

Innanlands var þátttaka í hinum hefðbundnu mótum meiri en áður hefur þekkt og auk þess varð umtalsverð aukning á öðrum mótum á vegum K.K.Í.

Samningu námsefnis og menntun leiðbeinenda miðar of hægt. Þó voru nokkur námskeið haldin og kennsluefni gefið út.

Minnkandi aðsókn að leikjum úrvalsdeildar olli nokkrum vonbrigðum. Það má þó að öllum líkum kenna ójafnri keppni í deildinni og of stífri mótaskrá.

Frammistaða unglíngalandsliðsins á Polar Cup hér heima í janúar, varð einnig mikil vonbrigði.

Þegar á heildina er litið hefur árið þó verið hagstætt, þrátt fyrir mikil og kostnaðarsöm og tímafrek verkefni virðist sem flestu hafi verið sinnt. Fjárhagur sambandsins verður einnig að teljast viðunandi, þó skuldir þess séu nokkrar og allmörg félög hafi ekki staðið í skilum

### ÍSLANDSMÓT OG BIKARKEPPNI

Keppni í Íslandsmóti var í nokkuð hefðbundnu formi. Sú breyting var þó frá fyrra ári að tveir aldursflokkar bættust við. Það eru 3. flokkur kvenna og 5. flokkur karla.

Í fyrsta sinn var nú keppt í 1. deild karla eftir nýju fyrirkomulagi. Þar léku 5 lið fjórfalda umferð. Þessi nýjung

gafst einkar vel og var keppni í deildinni hörkuspennandi.

Keppni í Úrvalsdeild gekk ekki eins vel fyrir sig nú eins og undanfarin ár. Keppnin fór fram á skemmri tíma en áður og var lokið í byrjun mars. Þetta var gert að sérstakri beiðni landsliðsnefndar og með samþykki Úrvalsdeildarfélaganna. Einnig náði UMFN snemma góðu forskoti og í raun var öll spenna döttin úr keppninni eftir 2. umferð. Sama má segja um botnbaráttu í deildinni.

Þessi þróun hafði afleitt áhrif á aðsókn áhorfenda. Reynsla þessa vetrar bendir ótvírætt til að rétt sé að hefja Íslandsmótið fyrr og ljúka því ekki fyrir 15. mars.

Keppni í 1. deild karla var mjög skemmtileg eins og áður segir. Aðsókn að leikjunum var mjög góð. Augljóst er að þetta nýja fyrirkomulag er til frambúðar.

Í yngri flokkum karla og kvenna og 2. deild var um nokkra fjölgun þátttökuliða að ræða.

Á 20. körfuknattleikspingi 1980 var samþykkt breyting á aldursflokkaskiptingu. Sú breyting virðist hafa verið til bóta, ef marka má reynslu nýliðins keppnistímabils.

Þátttaka í 5. flokki karla var nokkru minni en vænst hafði verið. Hvort um er að ræða byrjunarerfiðleika eða tregðu félaga til að senda þennan flokk til keppni verður tíminn að leiða í ljós. Þátttaka í 3. flokki kvenna var hins vegar vonum framar og nokkur fjölgun í 2. flokki kvenna. Vonir standa til að brátt fjölgi liðum í 1. deild kvenna, en í vetur voru þau 3 eins og undanfarin ár.

Bikar keppni fór fram í öllum aldursflokkum, nema 3. flokk kvenna og 5. flokk karla. Þátttaka í 3. og 3. flokki karla olli vonbrigðum en nú var í fyrsta skipti leikin bikarkeppni í þessum flokkum.

Mikla athygli vakti óvanalega glæsilegur árangur utanbæjarliða í keppni yngri flokkanna. Þau unnu 7 titla af 10. Þar af unnu Haukar í Hafnarfirði 5.

Þróun síðustu þriggja ára hefur verið mjög augljós. Á þessum tíma hafa Reykjavíkurlíð unnið 7 meistaratitla af 21, en utanbæjarlíð hafa sigrað í 14.

Því er ekki að neita að það hefur valdið stjórn KKÍ miklum vonbrigðum hversu illa mörg Reykjavíkurfélögin sinna uppbyggingarstarfi. Fráfarandi stjórn vill eindregið vara við þessari þróun, því afleiðingar hennar verða mjög slæmar, þegar frá líður ef ekki verður breyting á hið fyrsta.

#### MENNTUNARMÁL - UPPLÝSINGARMÁL

Undanfarin ár hefur ekki tekist að koma þeirri reglu á menntunar- og fræðslumálin sem stefnt var að. Síðasta vetur miðaði þó talsverri í rétta átt með uppbyggingu menntunarmála.

3 þjálfaranámskeið, svonefnd A-stigs námskeið voru haldin. Upphaflega var stefnt að því að halda námskeið í lok september í Reykjavík og síðan fleiri námskeið, og þá utan höfuðborgarinnar. Því miður tókst ekki að koma þessu námskeiði á í Reykjavík, vegna áhugaleysis félaga, og þegar gerðar höfðu verið tvær árangurslausar tilraunir var of langt liðið á haustið til að hægt væri að koma upp námskeiði á öðrum stöðum. Í mars var þráðurinn tekinn up að nýju og þá og í apríl tókst að ljúka þeim námskeiðum sem haldin voru. Þau voru haldin í Borgarnesi og í Reykjavík.

Nokkur dómarnámskeið voru haldin og dómarafráfarir. Nýjar leikreglur fyrir körfuknattleik voru gefnar út. Nauðsynlegt reyndist að þýða reglurnar frá grunni vegna umfangsmikilla breytinga sem samþykktar voru á FIBA-þingi í Moskvu í júlí 1980.

Leiðbeiningar fyrir Minnibolta voru endurprentaðar og bæklingur til leiðbeiningar þeim sem vilja kenna byrjendum einföldustu reglur leiksins. Einnig er bæklingur um þol tilbúinn til prentunar.

Kannaðar hafa verið nýjar aðferðir við kennslu A-stigs efnis s.s. með bréfaskóla. Niðurstöður þeirrar könnunar eru ekki að fullu ljósar en áfram verður unnið að henni.

Stjórn KKÍ stofnaði sérstaka deild til að fara með menntunarmál í körfuknattleik. Hún nefnist Menntunardeild Körfuknattleiksins (Mdk). Henni stjórnar sérstakt ráð sem skipað er í byrjun hvers almanaksárs og situr í eitt ár. Starfstími ráðsins rennur því ekki út um leið og stjórnar KKÍ.

Það ætti að stuðla að samfelldara og markvissara starfi.

Eins og undanfarin ár var fréttabréf KKÍ gefið út reglulega. Síðasta tölublað er 2. tbl. 4. árgangs og er mjög mikilvægt að útgáfa þess falli ekki niður. Æskilegast væri ef unnt reyndist að bæta blaðið og gefa það út í vandaðra formi en nú er. KKÍ fréttir eru fjölritaðar á ódýrustu gerð pappírs. Þeim hefur frá upphafi verið dreift meðal áhorfenda auk þess að þau eru send forráðamönnum félaga og skólaliða.

#### LANDSLIÐSMÁL

Tvö undanfarin ár hefur það fyrirkomulag verið á landsliðsmálum KKÍ að Landsliðsnefnd hefur haft mjög frjálsar hendur um verkefnaval og þjálfun landsliðsins. Nefndin sem skipuð var til tveggja ára í júní 1979 hefur haft allan veg og vanda af landsliðsmálum þennan tíma. Hún hefur einnig haft sjálfstæðan fjárhag. Árangur þessa fyrirkomulags hefur verið einstakur. Í vetur hefur árangur starfsins komið einkar vel í ljós og má fullyrða að það landslið sem við eigum nú á að skipa sé hið besta frá upphafi.

Í Evrópukeppninni lék Íslenksa liðið í C-hópi og keppti í riðli með Sviss, Skotlandi, Alsír og Portúgal. Keppt var í Sviss um miðjan apríl. Ísland lenti í öðru sæti, tapaði einungis fyrir sigurvegurinum Portúgal eftir framlengdan leik. Þetta er besti árangur sem Ísland hefur náð hingað til í alþjóðakeppnum. Árangur liðsins í öðrum leikjum vetrarins var einnig mjög góður. Bestu leikarnir voru á móti Frakklandi og Finnlandi hér heima, en sigur vannst á Frakklandi í tveimur leikjum og einn leikur af þremur á móti Finnum og annar tapaðist með einu stigi eftir framlengdan leik. Þetta eru fyrstu sigrar okkar á þessum sterku landsliðum. Naumt tveggja stiga tap fyrir Belgíu á heimavelli þeirra eftir jafnan leik verður einnig að telja glæsilegan árangur.

Þó ekki hafi tekist að vinna sæti í B-hópi Evrópukeppninnar að þessu sinni, hefur Landsliðsnefndin, Landsliðshópurinn og þjálfari liðsins unnið frábært starf.

Umboð nefndarinnar rennur út með kosningu nýrrar stjórnar KKÍ. Fráfarandi stjórn telur að sá árangur sem náðst hefur í lands-

liðsmálum bendi til að þetta fyrirkomulag sé til frambúðar. Nánar er gerð grein fyrir starfi Landsliðsnefndar í skýrslu hennar. Ekki verður þó skilist við landsliðsmálin nema að geta hins höfðinglega styrks sem Samband Íslenskra samvinnuvélaga veitti KKÍ og rann til Landsliðsnefndar.

Á 20. ársþingi KKÍ í maí 1980 tilkynnti Guðmundur Guðmundsson útbreiðslustjóri SÍS að SÍS hefði ákveðið að breyta styrkveitingum sínum til íþróttamála til reynslu og veita einn stóran styrk í stað margra minni upphæða áður. KKÍ hefði hlotið þennan styrk 1980. Hann nam 5,5 milljónum g.kr.

Í mars 1981 boðaði SÍS síðan til fundar með fréttamönnum. Þar tilkynnti forstjóri SÍS, Erlendur Einarsson, að Samband Íslenskra samvinnufélaga hefði ákveðið að halda þessu fyrirkomulagi áfram og færa það í fastara form. Mundi stofnaður sérstakur íþróttasjóður og veittur styrkur úr honum árlega til íþróttar. Erlendur tilkynnti að vegna góðrar reynslu af fyrri styrkveitingu sem þó hafði verið hugsuð til reynslu, hefði verið ákveðið að veita KKÍ styrk að upphæð 90 þús.kr. Þessi styrkur rann óskiptur til Landsliðsnefndar.

Frumkvæði SÍS um styrkveitingar til íþróttamála samkvæmt þessu fyrirkomulagi er mjög lofsvert. Tengsl SÍS og kaupfélaganna við íþróttahreyfinguna hafa verið nánin frá fyrstu tíð og fer vel á því að hin mikla fjöldahreyfing samvinnumanna skuli vinna slíkt brautryðjendastarf. Körfuknattleiks-sambandið telur sér mikinn heiður gerðan með því að vera fyrst íþróttasambanda til að hljóta úthlutun þessa styrks.

Helsta verkefni unglingsliðsins var þátttaka í Polar Cup unglinga sem fram fór hér á landi 9.-11. janúar 1981. Því verður ekki neitað að frammistaða liðsins olli umtalsverðum vonbrigðum en piltarnir ráku lestina og töðuðu öllum leikjum sínum. Búist hafði verið við betri árangri piltanna, en þetta er lélegasti árangur sem Ísland hefur náð í Polar Cup. Nokkur sárabót var þó að framkvæmd mótisins tókst með miklum ágætum.

Kepnin fór fram í fjórum sveitarfélögum: Reykjavík Hafnarfirði, Keflavík og Njarðvík. Sérstök nefnd skipuð: Boga Þorsteinssyni, Gunnari Gunnarssyni og Ingvari Jónssyni annaðist umsjón með keppninni. Nefndin réði Stein Loga Björnsson sem framkvæmdastjóra mótisins. Mikill hluti af undirbúningi og framkvæmd lenti einnig á herðum framkvæmdastjóra Arnar Andréssonar.

Störfum nefndarinnar er lýst í sérstakri skýrslu. Þessum aðilum og öllum þeim sem hönd lögðu á plóginn við framkvæmd mótsins flytur stjórn KKÍ bestu þakkir. Bæjarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnarfjarðar eru færðar sérstakar þakkir fyrir frábæra aðstoð.

Allir fararstjórar norrænu liðanna luku miklu lofsorði á alla framkvæmd mótsins og töldu hana frábæra. Þetta sannar okkur að KKÍ hefur nú innan sinna vëbanda samstilltan hóp fólks sem hefur reynslu og þekkingu til að takast á við framkvæmd stærri móta og má telja tímabært að leitað verði eftir því að fá að halda keppni í C-hópi Evrópukeppni hér heima.

#### UNGLINGASTARF

Nýliðið keppnistímabil var leitast við að skapa sem fjölbreyttust verkefni fyrir yngri aldursflokkana. Á síðasta Körfuknattleikspingi var samþykkt að fjölga flokkum um tvo. Bætt var við 5. aldurslokki karla og 3. aldursflokki kvenna. Einnig var aldursmörkum flokkanna breytt. Þingið samþykkti einnig að hefja bikarkeppni í 3. aldursflokki karla. Auk þess samþykkti stjórn KKÍ að hefja bikarkeppni í 4. aldursflokki karla, enda höfðu komið fram mjög sterkar óskir um það meðal drengja í þessum aldursflokki.

Þátttaka í þessum nýju keppnum olli nokkrum vonbrigðum, ef 3. flokkur kvenna er frátalinn, en í þeim flokki fór þátttaka fram úr vonum. Sérstaklega var þátttaka í bikarkeppni 3. flokks og 4. flokks minni en reiknað hafði verið með. Vonandi sjá íþróttafélögin að sér og senda flokka til keppni framvegis.

Reynsla þessa keppnistímabils af aldursflokkaskiptingunni er góð. Hún virðist hafa marga kosti umfram þá fyrri. Fráfarandi stjórn telur rétt að einum aldursflokki kvenna verði bætt við. Þó verður að koma betri reynslu á núverandi aldursskiptingu áður en sú breyting verður gerð. Einn af kostum aldursflokkaskiptingarinnar er að hún fellur mjög vel að skólakerfinu. Yngri flokkur í grunnskólalámótinu svarar til 5. aldursflokks karla og eldri flokkurinn til 4. flokks.

Aldursflokkaskipting er því hin sama í öllum mótum.

Undanfarin ár hefur Unglinganefndin annast sumarbúðir að Laugarvatni. Í ár voru sumarbúðirnar með nokkuð hefðbundnum hætti. Þó voru nokkru yngri piltar í ár en áður. Sumarbúðirnar þóttu takast mjög vel. Ingi Gunnarsson og Hilmar Hafsteinsson höfðu að þessu sinni umsjón með búðunum. Fráfarandi stjórn hefur látið taka frá aðstöðu fyrir sumarbúðir í ágúst nk., þótt starfstími Unglinganefndarinnar renni út 1. maí.

Fráfarandi stjórn vill enn lýsa alvarlegum áhyggjum yfir starfi margra félaga að unglíngamálum. Svo virðist sem skilningur þeirra á uppbyggjandi starfi meðal unglíngna sé mjög af skornum skammti.

Allar tilraunir stjórnar KKÍ til að auka þekkingu leiðbeinenda og skapa fjölbreytt verkefni fyrir yngri körfuknattleiksmenn eru unnar til einskis ef íþróttafélögin sinna þessum þáttum ekki.

Svo virðist sem mörg íþróttafélög ætli erlendum þjálfurum og leikmönnum allt að því eftirlitslaust að annast þjálfun yngri flokkanna. Fráfarandi stjórn minnir þessi félög á að unglíngastarf verður ekki eingöngu byggt upp af aðkeyptum þjálfurum. Hinn félagslegi þáttur starfsins vegur jafn þungt og fagleg vinnubrögð við þjálfun. Þekking verður auk þess ekki endalaust keypt frá útlöndum. Hana verða félögin að tileinka sér sjálf. Þetta verða félögin að skilja. Á því veltur framtíð körfuknattleiks á Íslandi.

#### SKÓLAÍÞRÓTTIR

Skólaíþróttir voru felldar í ákveðinn farveg. Í vetur var keppt í tveimur mótum: Grunnskólamóti KKÍ og Framhaldsskólamóti KKÍ.

Framhaldsskólamótið var haldið þriðja árið í röð. Keppt var í karlaflokki og kvennaflokki. Í karlaflokki voru 18 lið og 5 lið í kvennaflokki. Þróunin hefur verið mjög jákvæð í þessari keppni og liðum hefur farið fjölgandi. Nú var í fyrsta sinn keppt í kvennaflokki og lofar þátttakan góðu um framhaldið.



Grunnskólamótið var nú haldið í annað sinn. Alls tóku 49 lið þátt í riðlakeppni. Í eldri flokki pílta 20 lið, í yngri flokki 19 lið og 10 lið tóku þátt í kvennaflokki.

Skólamótin hafa ekki enn verið viðurkennd sem formlegur þáttur í starfi KKÍ. Körfuknattleiksþing hefur ekki fjallað um þau heldur hefur stjórn KKÍ haldið þau að eigin frumkvæði.

Telja verður tímabært að gera þessi mót að föstum þætti í starfi KKÍ og setja um þau sérstaka reglugerð. Einnig er tímabært að koma á tengslum við íþróttasambönd skóla í nágrennalöndunum til þess að skólalið héðan eigi kost á að heimsækja önnur lönd.

Skólaíþróttir hafa ekki hlotið formlegan sess innan hinnar frjálsu íþróttahreyfingar hér á landi. Slíkt á KKÍ alls ekki að láta hindra sig í því að efla enn skólastarf sitt með mótum, menntunarmálum og upplýsingagjöf.

Nýliðinn vetur hafa ýmis sérsambönd fetað í fótspor KKÍ og ýmist fitjað upp á skólakeppnum eða íhugað það. Það er þó ljóst að Körfuknattleikssambandið stendur nú best að vígi af hópíþróttum og hefur forskot umfram helstu keppinautana.

Skólamótin verða enn um sinn að fá mikla athygli stjórnar KKÍ. Körfuknattleikur er einhver besta skólaíþrótt sem völ er á og með vel skipulögðu skólastarfi eru fáar hópíþróttir sem stundaðar eru innanhúss sem geta keppt við hana.

#### MINNIBOLTI.

Körfuknattleikssambandið hefur undanfarin ár reynt að halda fjögur minniboltamót á ári. Það hefur ekki tekist, því síðustu tvö ár hafa færri mót verið haldin. Þrjú í fyrra og tvö í vetur. KKÍ hefur leitað til ákveðinna félaga og fengið þau til að annast mótin. Sú venja hefur nú skapast að Íslandsmeistarar fyrra árs halda stærstu minniboltamót ársins.

UMF Skallagrímur hefur í febrúar síðustu tvö ár haldið minniboltamót í samvinnu við KKÍ og hyggst gera mótið að árlegum atburði. Í vetur var áformað að halda minniboltamót fyrir jól í samvinnu við Íþróttabandalag Keflavíkur en vegna tækni-

legra erfiðleika reyndist það ekki unnt.

Það er eindregin von fráfarandi stjórnar að fleiri íþróttafélög og íþróttasambönd feti í fótspor Borgfirðinga og stofni til sérstakra minniboltamóta sem öllum eru opin.

Í minniboltamóti sem Valur hélt í byrjun apríl sl. mættu skólalið í fyrsta sinn til keppni en í fyrra tók stjórn KKÍ þá ákvörðun að skólalið skuli sitja við sama borð og félagslið með þátttöku í þessum mótum.

Þátttaka í mótum í vetur var góð. Í Borgarnesi mættu 11 lið þrátt fyrir leiðindaveður og 19 lið mættu í mót Valsmanna.

#### KVENNAKÖRFUBOLTI

Í vetur fjölgaði í kvennaflokkum talsvert. Þar kom hvort tveggja til að fjölgað var um einn aldursflokk og aukinn áhugi. Fyrirsjáanlegt er að það er einungis tímaspursmál hvenær meistaraflokksliðum fjölgar í 5 eða 6.

Augsýnilegt er einnig að áhugi stúlkna á því að leika körfuknattleik er meiri en félögin geta annað. Í Framhaldsskóla-keppni KKÍ tóku 5 skólar þátt í kvennaflokki og í Grunnskóla-keppninni tóku 10 skólar þátt í stúlknaflokki.

Af Reykjavíkur félögunum hafa þrjú kvennaflokk og þar af einungis tvö yngri flokka. Þegga er auðvitað afleitt en því miður er ekki sýnilegt að neinar úrbætur verði á næstunni.

Sumarið 1980 skipaði stjórn KKÍ nefnd til að kanna þessi mál og gera tillögur. Fráfarandi stjórn telur að íhuga beri vandlega hvenær þátttaka KKÍ í Polar Cup kvenna sé tímabær.

Nokkuð augljóst er að naumast mun framkvæmanlegt að halda úti landsliðshópi ef einungis þrjú félög hafa meistaraflokk.

Hér er mikið starf óunnið og ljóst er að ná má góðum árangri á nokkrum árum með því að byggja á þeim grunni sem yngri aldursflokkarnir mynda í dag.

#### ALMENNINGSÍÞRÓTTIR

Körfuknattleikssambandið hóf í fyrsta sinn í ár að sinna almenningsíþróttum. Hér er um að ræða Firmakeppni KKÍ

sem nú var haldin í fyrsta sinn og tilraun sem gerð var í samráði við Íþróttasamband Fatlaðra til að kenna körfubolta í hjólastólum.

Þátttaka í þessari tilraun ÍF og KKÍ var dræm og æfingar féllu fljótlega niður. Sigurður Helgason annaðist þjálfun og hafði frumkvæði að þessu starfi. Því miður var of seint af stað farið og erfitt reyndist að fá heppilegt húsnæði. Ástæða er til að hvetja til þess að þetta mál verði tekið upp strax næsta haust. Þessi tegund körfuknattleiks er ein vinsælasta íþrótt meðal fatlaðra í heiminum og á fyllsta erindi hingað. ÍF menn sýndu þessu máli einnig mikinn áhuga.

Firmakeppni KKÍ sem nú var stofnað til er keppni allra "áhugamanna". Heiti keppinnar er villandi og þyrfti að velja henni betra nafn, enda er núverandi heiti eins konar "vinnuheiti".

Af þátttöku í keppninni í ár er ljóst að mikil þörf er fyrir vettvang til keppni fyrir trimmara, en 12 lið tóku þátt í þessari fyrstu keppni. Hún má því undir engum kringumstæðum falla niður. Hana verður að efla og reynslan mun leiða í ljós að ýmis önnur sérsambönd munu fylgja í kjölfar KKÍ og hefja hliðstæðar keppnir.

#### FJÁRMÁL

Þegar tuttugasta starfsári KKÍ er að ljúka er rétt að staldra við og huga aðeins að stöðu fjármála sambandsins.

Segja má að liðinn vetur hafi verið all erfiður. Aðsókn að leikjum og þá einkum hér á höfuðborgarsvæðinu, hefur verið all mikið minni en á síðasta ári og hlýtur það að vera félögunum mikið áhyggjuefni. Sem afleiðing af þessu hafa gjöld til KKÍ skilað sér mjög seint og gert KKÍ ákaflega erfitt fyrir að standa í skilum með þær fjárskuldbindingar sem sambandið þarf að inna af hendi.

Eins og kemur fram í reikningum KKÍ fyrir liðið ár, nemur skuld félaga við KKÍ kr. 4 1/2 millj., sem er að sjálfsögðu alltof há upphæð og ætti helst ekki að sjást í lokauppgjöri fyrir starfsárið.

Verst er þó að heyra það frá einu félagi að skuldin verði aldrei greidd. KKÍ verður aldrei annað og meira en félögin vilja að það sé.

Eins og sjá mátti í síðustu ársreikningum hefur KKÍ verið að draga á eftir sér gamlar skuldir, sem eru að mínu mati algjörlega óviðunandi ástand. Skuldir þessar hafa því miður margar hverjar lent hjá lögfræðingum til innheimtu og sjá þá allir sem vilja sjá, að skuld, sem ekki var svo mjög há er til hennar var stofnað, hefur margfaldast á þessu ferðalagi.

Fjármálastefnu sem þessa, ef stefnu skyldi kalla, er ekki nokkur leið að búa við. Það er að mínu viti algjör lágmarkskrafa, hverjir sem halda um stjórnvöl í sambandinu, að samið sé um þær skuldir sem til er stofnað og staðið sé við það sem lofað er.

Það verður að teljast lofsvert er ákveðnir menn sem starfað hafa að körfuknattleiksíþróttinni á liðnum árum, og starfa enn, hafa tekið á sitt nafn ábyrgð á skuldum sem stofnað hefur verið til. Tekist hefur fyrir skömmu að ljúka greiðslu á kröfum þessum.

Hjá sama lögfræðingi er önnur skuldakrafa til innheimtu og er sú krafa komin í rúmar ný.kr. 20.000.00 - tuttugu þúsund krónur - með vöxtum, dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Vegna þess að tókst að greiða þá kröfu, sem fyrr var nefnd, hefur tekist að fá fram tilboð frá lögfræðingnum að skuldin lækki í kr. 13.000.00 - þrettán þúsund - verði hún greidd að fullu á næstu tveimur mánuðum.

Þetta er tekið sem dæmi um að sambandið á velvilja að mæta og honum má ekki glata.

Sá þáttur í starfsemi KKÍ sem skilur eftir sig háa skuld frá vetrinum, er Norðurlandamót unglunga - Polar Cup 1981 - Það var von okkar í stjórn KKÍ að búið yrði að ganga frá þessari skuld fyrir þingið en sú von brást.

Ástæðan fyrir því er sú, að þar sem ekki er enn búið að ganga frá samningum milli íþróttahreyfingarinnar og Ríkisútvarpsins hefur KKÍ enga greiðslur fengið á starfsárinu frá Ríkisútvarpinu (nema landsliðsnefnd, smáupphæð)

Einnig er vert að vekja athygli á að skuld félaganna í þessu sambandi.

Að lokum er þess óskað að KKÍ megi vel dafna á fjármála- sviðinu um ókomin ár og sú stefna sem mörkuð var á síðasta þingi verði við líði um ókomin ár.

SKÝRSLA MÖTANEFNDAR K.K.Í.

Á síðasta körfuknattleiksping var enn breytt vali á formanni mótanefndar og er það embætti nú í höndum framkvæmdastjóra KKÍ. Vegna anna framkvæmdastjórans tók undirrituð að sér að gera skýrslu mótanefndar.

ÍSLANDSMÓT

Alls sendu 28 félög 102 flokka til keppni og urðu úrslit sem hér segir:

<u>Úrvalsdeild</u>				<u>stig</u>
UMFN	20	17	3	34
Valur	20	15	5	30
Í.R.	20	11	9	22
K.R.	20	10	10	20
Í.S.	20	7	13	14
Ármann	20	1	19	2

I. deild kvenna

K.R.	8	5	3	10
Í.S.	8	4	4	8
Í.R.	8	3	5	6

I. deild karla

Fram	16	14	2	28
ÍBK	16	13	3	26
UMFG	16	5	11	10
UMFS	16	4	12	8
Þór	16	4	12	8

Aukaleikur um fallið átti að fara fram milli UMFS og Þórs, en þór mætti ekki til leiks svo þeir falla í II. deild.

II. deild karla

A-riðill

Haukar	8	8	0	16
Í.V.	8	6	2	12
Í.A.	8	4	4	8
Esja	8	1	7	2
Snæfell	8	1	7	2

B-riðill

Tindastóll	6	6	0	12
Bræður	6	2	4	4
Léttir	6	2	4	4
K.A.	6	2	4	4

Vestfjarðarriðill

K.F.Í.	2	2	0	4
Hörður	2	0	2	0

Úrslitakeppni fór fram í Hagaskóla 6.-8. mars

K.F.Í. - Tindastóll	61:50
K.F.Í. - Haukar	72:85
Haukar - Tindastóll	95:73

Það verða því Haukar sem leika í 1. deild að ári.

II. flokkur karla

Kept var í einum opnum riðli og leikin einföld umferð.

Haukar	7	6	1	12
Í.B.K.	7	6	1	12
UMFN	7	5	2	10
ÍMF	7	4	5	8
K.R.	7	5	4	6
Í.R.	7	3	4	6
Ármann	7	1	6	2
Valur	7	0	7	0

Úrslitaleik þurfti því milli Hauka og ÍBK og lauk honum með sigri Hauka 70:68.

II. flokkur kvenna

UMFS.	6	5	1	10
Haukar	6	4	2	8
Reykholt	6	4	2	8
UMFN	6	3	3	6
K.R.	6	3	3	6
Í.R.	6	2	4	4
UMFG	6	0	6	0

III. flokkur karla

Kept var í 4 riðlum og komst eitt lið úr hverjum, nema Rvík - Reykjanesriðill 2, í úrslitakeppnina.

Riðill úr Reykjavík og Reykjanesi

Haukar	6	5	1	10	- í úrslit
Valur	6	4	2	8	- "
K.R.	6	4	2	8	
Í.R.	6	3	3	6	

Í.B.K.	6	3	3	6
UMFN	6	1	5	2
Fram	6	0	6	0

Vesturlandsriðill

UMFS	4	4	0	8	- í úrslit
Reykholt	4	2	2	4	
Í.A.	4	0	4	0	

Norðurlandsriðill

Þór	4	3	1	6	- í úrslit
Tindastóll	4	2	2	4	
M.A.	4	1	3	2	

Austurlandsriðill

ÍME	4	4	0	8	- í úrslit
UMFE	4	1	3	2	
Einherji	4	1	3	2	

Þátttökulið í úrslitakeppni voru því Haukar, Valur, UMFS, IME og Þór.

Haukar	-	Valur	56:46
UMFS	-	Haukar	55:85
Valur	-	UMFS	102:60
Haukar	-	Þór	55:47
Valur	-	IME	95:46
IME	-	Haukar	52:90
Þór	-	Valur	40:69

Haukar urðu því Íslandsmeistarar og Valur varð í öðru sæti.

III. flokkur kvenna.

Einn riðill

KR	4	3	1	6
ÍBK	4	3	2	6
Snæfell	4	2	2	4
Hörður	4	1	3	2
UMFS	4	1	3	2

Úrslitaleikur þurfti því að fara fram milli KR og ÍBK og lauk honum með sigri KR 18:16.



IV. flokkur karla

Kept var í 3 riðlum og komust tvö lið úr riðli Reykjavík - Reykjanes, í úrslitakeppni, en eitt lið úr hvorum hinna.

Reykjavík - Reykjanesriðill

KR	8	8	0	16 - í úrslit
ÍR	8	7	1	14 - í úrslit
UMFN	8	6	2	12
Haukar	8	5	3	10
ÍBK	8	4	4	8
Ármann	8	3	5	6
Valur	8	3	5	6
UMFG	8	1	7	2
Reynir	8	0	8	0

Vesturlandsriðill

UMFS	4	4	0	8 - í úrslit
Snæfell	4	2	2	4
ÍA	4	0	4	0

Norðurlandsriðill

Þór	4	4	0	8 - í úrslit
Tindastóll	4	2	2	4
KA	4	0	4	0

Úrslitakeppni

KR	-	UMFS	77:43	Íslandsmeistari KR
UMFS	-	ÍR	28:108	ÍR í öðru sæti
Þór	-	ÍR	43:60	
KR	-	Þór	75:45	
KR	-	ÍR	50:35	

V. flokkur karla

Endanleg staða í mótinu var:

UMFN	22
ÍR	19
KR	18
Haukar	16
Valur	14
ÍBK	13
UMFG	8
Reynir	6
Fram	5

### I. flokkur karla

Í þessum flokki kepptu 7 lið frá eftirtöldum félögum: KR, ÍS, ÍR, UMFN, Valur, Ármann, ÍBK.

Til úrslita léku lið KR og ÍR og lauk leiknum með sigri KR 67:63.

### Minnibolti

Íslandsmótið í Minnibolta fór fram í Fellaskóla, helgina 4.-5. apríl. Alls tóku þátt 14 lið frá 11 félögum í eldri flokki, þ.e. ÍR a og b, KR a-b-c, UMFG, Fram, UMFN, Hólabrekkuskóli, ÍBK, Haukar, Valur, UBK og Fellaskóli.

Í yngri flokki voru lið frá Haukum, ÍR, UBK og Fellaskóla. Úrslitakeppni í eldri flokki, en þar var keppt í 4 riðlum.

ÍR <sup>a</sup>	-	ÍBK	18:28	KR <sup>a</sup>	-	Valur	59:15
UMFG	-	Haukar	37:35	UMFN	-	UBK	35:27
ÍBK	-	KR <sup>a</sup>	26:52	Valur	-	ÍR <sup>a</sup>	24:53

### Lokastaðan

1. KR<sup>a</sup>
2. ÍBK
3. ÍR
4. Valur
- 5.-6. UMFG - UMFN
- 7.-8. UBK - Haukar

### Lokastaðan í yngri flokki

1. Haukar
2. ÍR
3. UBK
4. Fellaskóli

Þess má geta að UMF. Skallagrímur stóð fyrir móti í Minnibolta eina helgi í vetur og tókst hún á allan hátt mjög vel.

### Bikarkeppni

#### Meistaraflokkur karla:

1. umf.	UMFS	-	Fram	80:86
	Þór	-	KR <sup>b</sup>	70:80
	ÍA	-	Haukar	88:116
	UMFG	-	ÍBK	89:95
2. umf.	ÍV	-	Fram	52:97
	ÍBK	-	KR <sup>b</sup>	82:74
	Haukar	-	ÍBK	77:113

8 liða úrslit

UMFN	-	KR	83:72
Fram	-	Valur	77:84
Ármann	-	ÍBK	82:85
ÍS	-	ÍR	87:71

4 liða úrslit

ÍBK	-	Valur	-	skýrslu vantar, en Valur vann
UMFN	-	ÍS	95:89	

Úrslit

Valur	-	UMFN	90:84
-------	---	------	-------

Meistaraflokkur kvenna:

1. umf.	ÍMA	-	ÍS	18:51
	KR	-	ÍR	51:41

Úrslit ÍS - KR 37:31

II. flokkur karla

1. umf.	Dór.	-	ÍR	50:64
	KR	-	ÍBK	72:100
	ÍA	-	Valur	- skýrslu vantar, en Valur vann
	UMFN	sat	hjá.	

2. umf.	UMFN	-	Valur	63:55
	Haukar-	ÍR	70:65	
	ÍBK	-	UMFN	71:74

Úrslit Haukar- UMFN 83:68

II. flokkur kvenna

1. umf.	KR	-	ÍR	37:24
---------	----	---	----	-------

Úrslit KR - Haukar 40:38

III. flokkur karla

1. umf.	ÍR	-	Fram	57:45
	Haukar-	UMFS	94:60	
	Valur	-	KR	45:55

2. umf.	KR	-	ÍR	63:59
---------	----	---	----	-------

Úrslit KR - Haukar 63:66

IV. flokkur karla

KR	-	Valur	77:18
Fram	-	ÍR	skýrslu vantar, en ÍR vann
UMFS	-	Haukar	40:59
ÍR	-	KR	51:41
ÍR	-	Haukar	32:49

Skólamót KKI

Framhaldsskólamót

Í piltaflokki kepptu 18 lið frá jafnmörgum skólum.

Þessir skólar eru:

Íþróttakennaraskólinn, Menntaskólinn á Laugarvatni,  
Héraðsskólinn á Laugarvatni, Menntaskólinn í Kópavogi,  
Tækniskólinn, Verslunarskólinn, Flensborg,  
Menntaskólinn v/Sund, Fjölbrautarskólinn í Breiðholti,  
Ármúlaskólinn, Fjölbrautarskóli Suðurnesja,  
Fjölbrautarskólinn á Akranesi, Fiskvinnuskólinn,  
Stýrimannaskólinn, Menntaskólinn í Reykjavík,  
Iðnskólinn, Menntaskólinn á Akureyri og  
Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Til úrslita léku Fjölbrautarskóli Suðurnesja og Iðnskólinn  
í Reykjavík og lauk leiknum með sigri þess fyrrnefnda  
77:63.

Í stúlknafllokki kepptu 5 lið:

Menntaskólarnir í: Kópavogi, á Akureyri, v/Sund,  
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti og Íþróttakennaraskólinn  
á Laugarvatni.

Sigurvegari varð: Íþróttakennaraskólinn Laugarvatni.

Grunnskólamót:

Piltar, eldri aldursflokkur 14-15 ára.

Þátttökulið voru 20:

Blönduós, Sauðárkrókur, Sandgerði, Grindavík, Keflavík,  
Njarðvík, Ólafsvík, Hellissandur, Borgarnes, Laugalækjar-  
skóli, Réttarholtsskóli, Vogaskóli, Langholtsskóli,  
Flensborg, Valhúsaskóli, Lækjarskóli, Breiðholtsskóli,  
Árbæjarskóli, Hagaskóli, Hlíðarskóli.

Úrslitakeppni:

A-riðill:

Valhúsaskóli	4	stig
Njarðvík	2	"
Borgarnes	0	"

B-riðill:

Hagaskóli	4	stig
Langholtsskóli	2	"
Sauðárkrókur	0	"

Hagaskóli sigraði síðan Valhúsaskóla í úrslitaleik.

Grunnskólamót:

Piltar, yngri flokkur. Þátttökulið voru 19:  
Víghólaskóli, Breiðholtsskóli, Hagaskóli, Árbæjarskóli,  
Sauðárkrökur, Hvammstangi, Blönduós, Keflavík, Njarðvík,  
Grindavík, Sandgerði, Borgarnes, Hellisandur, Ólafsvík,  
Víðistaðaskóli, Réttarholtsskóli, Eflingadeild Kennara-  
háskólans, Álftamýrarskóli, Langholtsskóli.

Úrslit urðu sem hér segir:

Grunnskóli Njarðvíkur	8 stig
Hagaskóli	6 "
Langholtsskóli	4 "
Grunnskóli Borgarnes	2 "
Hvammstangi/Laugabakkaskóli	0 "

Grunnskólamót:

Stúlkur, Þátttökulið voru 8:  
Keflavík, Njarðvík, Ólafsvík, Hellissandur, Borgarnes,  
Kvennaskólinn í Reykjavík, Flensborg, Hagaskóli.

Úrslit:

Grunnskóli Njarðvíkur	6 stig
Flensborg	4 "
Grunnskóli Sauðárkróks	2 "
" Borgarnes	0 "

Firmakeppni:

Þátttökulið voru 12 og keppt var í 3 riðlum.

A-riðill

Börkur h.f. - Kennarafélag Árbæjarskóla - Flugleiðir  
Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Sigurvegari varð Börkur h/f.

B-riðill

Kennarafélag Flensborgarskóla - Pallabúð - Hagkaup -  
Í.S. old boys.

Sigurvegarar Kennarafélag Flensborgarskóla.

C-riðill

Gluggadeild Sigurðar Bjarnasonar - Skíðamenn ÍR -  
Frankvæmdastofnun ríkisins - Prenttækni.

Sigurvegarar: Gluggadeild Sigurðar Bjarnasonar.

Lokastaða: Börkur h/f  
Kennarafélag Flensborgarskóla  
Gluggadeild Sigurðar Bjarnasonar.

Af framantöldu má sjá að starf mótanefndar er geysilega  
mikið, en auk þess að raða öllu framantöldu niður, þarf  
formaðurinn oft að bjarga ýmsum málum, smáum og stórum, á  
stuttum sem engum tíma.

KVENNAKÖRFUBOLTI

Síðastliðið haust fóll stjórn KKÍ undirrituðum formennsku í nefnd til eflingar körfuknattleik kvenna á Íslandi.

Aðrir í nefndinni hafa verið: Erna Jónsdóttir og Anna Eðvarðsdóttir.

Síðan nefnd þessi var stofnuð, hefur heldur rofað til hvað þátttöku varðar, nema í meistaraflokk. Markmið nefndarmanna með þeim tillögum, sem hér eru settar fram, er því að reyna að viðhalda áhuga þeirra stúlkna, sem þegar hafa byrjað iðkun körfuknattleiks og eiga eftir að byrja, frekar en að vekja áhuga, enda verður það að teljast liður í útbreiðslu körfuknattleiks og á því að vera í höndum annarra en sérstakrar "kvennanefndar".

Því er þó ekki að leyna að ég hafði frekar búist við að þurfa að hefja veturinn á því að smala liðum í Íslandsmótið. Þegar þess reyndist ekki þörf ákvað ég að beina störfum nefndarinnar í þann farveg, að gera tillögur um úrbætur, sem gætu hlotið vandlegan undirbúning og verið liður í heildarstarfi KKÍ og þyrftu ekki að vera átakanlega kostnaðarsamar.

Lagt er til að stofnað verði til tveggja hraðmóta, annars vegar fyrir 3. flokk og hins vegar fyrir meistaraflokk, en það mót yrði með þátttöku erlendra félagsliða.

Reiknað er með að hraðmót 3. flokks verði haldið um eina helgi, fyrir áramót, og umsjón mótisins verði fálín körfuknattleiksráði, eða hliðstæðum aðila á þeim stað þar sem mótið fer fram.

Farandbikar verði veittur fyrir 1. sæti og verðlaunapeningar fyrir 1. og 2. sæti.

Mikilvægt er, eins og ávallt með svona mót, að skipulag og stjórn mótisins séu í góðu lagi, svo og að reglur séu skýrar. Æskilegt væri að KKÍ sendi eftirlitsmann, sem skæri úr um ágreiningsatriði og gæti jafnframt tekið að sér dómgæslu.

Í hraðmóti meistaraflokks er miðað við að þátt tækju minnst 3 íslensk lið, lið af Keflavíkurflugvelli og tvö önnur erlend félagslið.

Mótið standi yfir í tvo til þrjá daga og erlendu keppendurnir búi í heimahúsum.

Reglur væru eitthvað á þessa leið:

Leikurinn verði 2x10 mínútur með þriggja mínútna leikhléi, hvort lið fái einn tíma í hálfleik og klukkan verði ekki stoppuð, nema tvær síðustu mínúturnar í seinni hálfleik. Lið fái minnst 5 mín upphitunartíma.

Eftir keppnina verði erlendu liðunum tveimur boðið í hádegismat og einhverja ferð, t.d. til Vestmannaeyja.

Verðlaun yrðu þannig:

1. verðlaun, bikar og peningar.
2. " peningar.

Leikmaður mótsins verði kosinn af þjálfurum og hljóti bikar. Öll verðlaun vinnist til eignar.

Gefin verði út leikskrá með kynningu á leikmönnum.

Skipuð verði nefnd til þess að sjá um framkvæmd mótsins, sem haldið verði í Reykjavík.

Nefnd þessi sjái einnig um fjáröflun, en KKÍ veiti styrk, að upphæð kr.10.000.00.

Talið er að helst sé að leita fyrir sér með þátttöku frá Noregi, Írlandi og Skotlandi.

Ýmislegt fleira hefur komið fram, sem gæti orðið til bóta fyrir kvennakörfubolta á Íslandi, en flest er þess eðlis að það á ekki heima með tillögum þeim, sem að framan eru raktar, en ég vænti þess að mér og öðrum nefndarmönnum verði boðin seta á þingi KKÍ, svo við getum gert grein fyrir þeim málum.

Kristinn O. Magnússon

SKÝRSLA POLAR-CUP NEFNDAR 1981

Aðdragandi:

Norðurlandamót unglunga í körfuknattleik er haldið annað hvert ár, þ.e. það ár sem Polar-Cup fullorðinna fer ekki fram. Polar Cup unglunga fór fyrst fram í Finnlandi 1971.

Árið 1973 var mótið haldið í Danmörku, 1975 í Svíþjóð og voru Íslendingar þá fyrst meðal þátttökubjóða.

Árið 1977 var mótið haldið í Noregi og 1979 í Finnlandi.

Núna var röðin komin að okkur að halda mótið og var mótstíminn ákveðinn 9.-11. janúar 1981.

Í byrjun nóvember skipaði stjórn KKÍ þriggja manna undirbúningsnefnd er hafa skyldi umsjón með undirbúningi og framkvæmd mótsins.

Í nefndina voru skipaðir: Bogi Þorsteinsson, Gunnar Gunnarsson og Ingvar S. Jónsson.

Undirbúningur:

Þegar nefndin kom fyrst saman hafði þegar verið gerð frumdrög að undirbúningsvinnu af hálfu stjórnar KKÍ. Vannst nokkur tími með þessu og eins hinu, að góðar skýrslur liggja fyrir um undirbúning og framkvæmd Polar Cup mótanna árin 1968 og 1978. Má því segja að nefndin hafi fengið góðan meðbyr.

Nefndin réði sér mótstjóra, sem var Steinn Logi Björnsson og sat hann fundi nefndarinnar frá byrjun. Þá tók Kristján Sigurðsson að sér tölfræðinefndina og fékk til liðs við sig sveit galvaskra pílta úr ÍR.

Sá Kristján einnig um upplýsingar til fjölmiðla meðan á mótinu stóð. Jón Otti Ólafsson og Kristbjörn Albertsson sáu um tækninefnd sem raðaði niður dómurum og öðru starfsfólki á leikina og má með sanni segja að þessi störf voru unnin með söma.

Polar Cup nefndin tók snemma þá ákvörðun að halda mótið á 4 stöðum, þ.e. í Reykjavík, Hafnarfirði, Njarðvík og Keflavík. Þrátt fyrir margvíslega erfiðleika þessu samfara, má þó fullyrða að ávinningurinn hafi orðið meiri.



Áhorfendur urðu fjölmargir og fleiri en búist hafði verið við og einnig var mikill áhugi: Haukamanna í Hafnarfirði, sem aðstoðuðu við leikina þar,

UMFN manna sem aðstoðuðu við leikina í Njarðvík og ÍBK manna sem aðstoðuðu við leikina í Keflavík.

Reyndust allir þessir aðilar í hvívetna hin styrkasta stoð.

Unnið var af fullum krafti allan tímann og því meir sem nær dró mótinu. Góð samvinna var við blöð, útvarp og sjónvarp um kynningu á mótinu.

Ekki reyndist unnt fjárhagslega að kaupa dýrar auglýsingar, nema í litlum mæli og kom því aðstoð íþróttafréttaritara að góðu liði. Vill nefndin færa þeim þakkir fyrir.

Fyrirtækið Ísspor tók að sér gerð verðlaunapeninga og voru þeir sérstaklega fallegir. Einnig sá fyrirtækið um gerð lyklakippa, sem voru færðar gestum okkar að gjöf í leikjunum. Keyptir voru 3 bikarar fyrir einstaklingsverðlaun mótsins. Þá voru útbúnir sérstakir Polar Cup bolir, sem voru til sölu meðan á mótinu stóð. Sérstakar veifur voru gerðar og voru afhentar fyrirliðum mótherja okkar í mótinu svo og bæjarstjórunum og íþróttahúsum viðkomandi bæjarfélaga, þar sem leikir fóru fram. Gestir okkar bjuggu við góðan kost á Hótel Esju og allan akstur í sambandi við mótið annaðist Teitur Jónsson.

Unglinganefnd KKÍ skipað þeim Inga Gunnarssyni, Hilmari Hafsteinssyni og Sefáni Bjarkarsyni valdi unglíngalandslið okkar og var það þannig skipað:

Axel Nikulásson ÍBK, Jón Kr. Gíslason ÍBK, Leifur Gústafsson Val, Matthías Matthíasson Val, Pálmar Sigurðsson Haukum, Valdimar K. Guðlaugsson Ármanni, Valur Ingimundarson UMFN, Viðar Vignisson ÍBK, Viðar Þorkelsson Fram, og Villum Þórsson KR.

Þjálfari liðsins var Hilmar Hafsteinsson.

Fjórir íslenskir dómarar dæmdu á mótinu:

Jón Otti Ólafsson, Erlendur Eysteinnsson, Sigurður Valur Halldórsson og Björn Ólafsson.

Læknir mótsins var Svandís Sigurðardóttir.

Framkvæmd mótisins:

Polar Cup 1981 hófst föstudaginn 9. janúar í Njarðvík. Forseti bæjarstjórnar Njarðvíkur, Ólafur I. Hannesson, setti mótið og lúðrasveit tónlistarskóla Njarðvíkur lék íslenska þjóðsönginn.

Úrslit leikja í mótinu urðu sem hér segir:

Föstud. 9. jan.	Njarðvík	Ísl.-Danmörk	63:88	(33:48)
		Svíþj.-Noregur	89:66	(50:35)
Laugard. 10. "	Hagaskóli	Ísl.-Svíþjóð	51:66	(28:36)
		Finnl.-Danmörk	77:52	(37:35)
" " "	Hafnarfj.	Ísl.-Noregur	71:79	(37:38)
		Svíþj.-Finnland	77:66	(37:34)
Sunnud. 11. jan.	Hagaskóli	Noregur-Finnland	72:69	(39:40)
		Svíþjóð-Danmörk	94:69	(42:32)
" " "	Kéflavík	Ísland-Finnland	58:73	( : )
		Danmörk-Noregur	80:72	(44:42)

Lokastaðan:

1. Svíþjóð	4	4	0	326:252	8 stig
2. Finnland	4	2	2	285:259	4 "
3. Noregur	4	2	2	289:309	4 "
4. Danmörk	4	2	2	289:306	4 "
5 Ísland	4	0	4	243:306	0 "

Ath: Röð Finn, Norðmanna og Dana ákvarðast af innbyrðis úrslitum, en ekki heildar hlutfallstölu.

Kveðjuhöf:

Eftir síðasta leik mótisins í Kéflavík, fór fram verðlaunaafhendingin og afhenti forseti bæjarstjórnar Kéflavíkur, Tómas Tómasson, þar Svíum sigurlaunin og síðan Finnum og Norðmönnum 2. og 3. verðlaunin. Einnig afhenti hann Polar Cup boli til svokallaðs "All star" liðs mótisins, sem valið var af þjálfurum liðanna og var það þannig skipað:

Mikael Wahlberg Svíþjóð, Crister Sabel Svíþjóð, Henrik Nørre Nielsen Danmörku, Stale Skagestad Noregi og Kari Klinga Finnlandi.

Að lokinni verðlaunaafhendingu sleit Tómas Tómasson mótinu.

Bæjarstjórn Keflavíkur bauð til hófs eftir mótsslitin í Keflavík og voru þar afhent einstaklingsverðlaun mótsins. Þau hlutu eftirfarandi:

Flest stig: Stale Skagestad 115

Flest fráköst: Stale Skagestad Noregi.

Best vítahittni: Mikael Wahlberg Svíþjóð, en hann hitti 26 af 27 skotum, eða 96.3%.

Í hófinu afhenti unglínganefnd KKÍ, þeim landsliðsmönnum sem leikið hafa einn eða 10 leiki, merki í tilefni af því. Að lokum voru flutt ávörp og þakkaði þar formaður KKÍ, Stefán Ingólfsson, gestum okkar komuna hingað.

-----

Fyrir mótið, eða 8. janúar, var haldinn tækninefndarfundur, sem Kristbjörn Albertsson stjórnaði og á þeim fundi var staðfest niðurröðun dómara á mótið, kosið í dómstól og gengið frá annarri formlegri skipulagningu þar að lútandi. Kom fram á þessum fundi að Finnar hafa aldrei fengið í hendurnar verðlaunagrip fyrir sigurinn á síðasta móti í Finnlandi og komu því ekki með neinn slíkan til landsins, eins og búist hafði verið við. Nú voru góð ráð dýr og ekki talið annað sámandi en að afhenda sigurvegurum mótsins, Svíum, bikar og hlupu ÍBK menn undir bagga og lánuðu okkur veglegan grip, sem svo Svíar skiluðu strax að lokinni verðlaunaafhendingu. Væri það athugandi fyrir stjórn KKÍ að fá einhvern aðila hérlandis til að gefa sannkallaðan Polar bikar fyrir næstu keppni, sem fer fram í Danmörku 1983.

#### Lokaorð.

Þrátt fyrir skamman undirbúningstíma og erfiðar aðstæður tókst framkvæmd Polar Cup 1981 betur en nefndin hafði þorað að vona. Það er ávallt svo í undirbúningi fyrir mót sem þetta, að eitthvað gengur úrskeiðis, en ekkert varð svo afgerandi að áhrif hefði til hins verra. Fjárhagslegar áhyggjur vegna mótsins hafði nefndin ekki og var raunar vitað fyrirfram, að um tap yrði að ræða af þessu móti, en nefndin vonar að mótið skil eftir sig aukin áhuga meðal barna og unglínga á körfu- knattleiksíþróttinni.

Að lokum vill Polar Cup nefndin þakka öllum þeim, sem lögðu hönd á plóginn. Fjölmargir aðilar stuðluðu að því, að svo vel tókst til, sem raun bar vitni, en fyrst og fremst vill nefndin þakka framkvæmdastjóra KKÍ, Erni Andréssyni, og mótstjóranum, Steini Loga Björnssyni. Þeir báru hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd.

Gunnar Gunnarsson, Ingvar S. Jónsson,  
Bogi Þorsteinsson.

DÓMARANEFND

Dómaranefnd skipuðu þeir Kristbjörn Albertsson, Jón Otti Ólafsson og Sigurður Valgeirsson.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að raða dómurum niður á alla leiki Íslandsmótsins 1980-1981: í Úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild karla og 1. deild kvenna, alls um 180 leiki. Var þetta erfitt verkefni, þar sem fjöldi dómara fyrir þessa leiki var mjög takmarkaður. Þar að auki fóru leikirnir fram á sjö stöðum á landinu.

Undirritaður vill beina athygli næstu mótanefndar að síðara atriðinu, en það kom fyrir síðasta keppnistímabil að það voru settir leikir á of mörgum stöðum samtímis, þannig að ekki voru til nægilega margir dómarar á alla staðina.

Í seinni hluta Íslandsmótsins, kom svo Bikarkeppnin og var mjög erfitt að fá nægilega marga dómara til þess að geta ráðið við báðar þessar keppnir samtímis.

Nefndin sá um að útvega dómara á þá landsleiki sem fram fóru hér á landi á keppnistímabilinu og einnig tók hún að sér að raða niður dómurum og starfsfólki og Norðurlandamót unglunga er haldið var í janúar 1981.

Dómaranefnd endurskoðaði og gaf út nýjar reglur.

Var það mikið verk og tók því miður langan tíma. Komu reglurnar ekki út fyrr en í mars-mánuður, en síðan er búið að halda þrjú dómaramámskeið, í Reykjavík, Hafnarfirði og Njarðvík. Luku 24 prófi í Hafnarfirði, 18 í Njarðvík, en aðeins 6 í Reykjavík, en þar er skorturinn mestur og þurfa Reykjavíkurfélögin að gera verulegt átak í dómaramálum sínum.

Síðast liðið keppnistímabil hefur verið erfitt fyrir dómara, margir leikir, fáir dómara. Þó er ekki ástæða til svartsýni, því á síðari hluta tímabilsins komu fram nokkrir ungir og efnilegir dómarar sem lofa góðu í framtíðinni, ef þeir halda áfram á sömu braut. Við í dómaranefndinni viljum vonast eftir að fá að njóta krafta þeirra áfram.

Þá er einnig vert að veita athygli á vandamáli félaganna í sambandi við 2. flokk karla.

Undirritaður vill að lokum þakka samnefndarmönnum, dómurum, starfsfólki, leikmönnum og þjálfurum fyrir ánægjulegt keppnistímabil.

Kristbjörn Albertsson

## SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KKÍ

Þegar seinna starfsár landsliðsnefndar rann upp sl. vor, var haldið áfram uppbyggingu landsliðsins að því lokatakmarki sem stefnt var að, þ.e. C-riðli Evrópukeppninnar í Sviss vorið 1981.

20 manna landsliðshópur var kallaður til æfinga þegar í maí og byggðust sumar æfingar aðallega á þrekæfingum undir stjórn Einars Bollasonar landsliðsþjálfara og Jóhannesar Sæmundssonar íþróttakennara.

Fyrstu landsleikirnir voru fyrirhugaðir við England í lok ágúst, en því miður guguðu Englendingar á síðustu stundu. Kínverjar stóðu við sitt og mættu til leiks í október og voru leiknir við þá 3 landsleikir. Sigrðu þeir í 2 leikjum, en íslenska landsliðið í 1.

Landslið Frakka kom síðan í heimsókn og voru leiknir við þá 2 landsleikir í lok desember. Sigrði Ísland í báðum leikjunum, sem er frábær árangur.

Norðurlandameistarar Finna sóttu okkur síðan heim í lok mars og léku 3 landsleiki. Unnu þeir 2 leiki naumlega, en Ísland sigraði í 1. Hefur aldrei fyrr né síðar náðst viðlíka árangur gegn hinu sterka liði Finna.

Sem fyrr, þá var reynt að trufla ekki á neinn hátt þjálfun félaganna vegna Íslandsmótsins. Landsliðsþjálfari fékk leikmennina til umráða í 2 vikur fyrir landsleikina við Frakka og síðan alfarið að loknu Íslandsmótinu í febrúarlok. Æfðu og léku þeir piltar sem valdir voru í hópinn síðan sleitulaust í 6 vikur fram að Evrópukeppninni. Voru æfingar eða leikir daglega og oft tvisvar á dag þennan tíma. M.a. var dvalið í helgi í æfingabúðum í Borgarnesi, og fór þar jafnframt fram A-stigs námskeið í körfubolta undir stjórn Einars Bollasonar og Jóhannesar Sæmundssonar. Luku allir landsliðsspiltarnir A-stigs námskeiðum.

Inn í þetta undirbúningsprógram fléttuðust og 4 leikir við úrval varnarliðsmanna að Keflavíkurflugvelli og sigraði landsliðið auðveldlega í þeim öllum.

Um miðjan mars var valinn 12 manna hópur fyrir Evrópukeppnina. Þeir leikmenn voru:

Úr UMFN: Jónas Jóhannesson, Gunnar Þorvarðarson,  
Valur Ingimundarson  
Úr KR: Jón Sigurðsson, fyrirliði, Ágúst Líndal  
Úr Val: Pétur Guðmundsson, Ríkharður Hrafnkelsson,  
Torfi Magnússon, Kristján Ágústsson  
Úr Fram: Símon Ólafsson  
Úr ÍR: Kristinn Jörundsson  
Úr ÍS: Gísli Gíslason

Hópurinn hélt utan til mótis í Skotlandi 2. apríl. Leiknir voru 3 leikir í mótinu. Leikurinn gegn Englandi tapaðist, en í kjölfarið fylgdu léttir sigrar yfir Noregi og Wales.

Þá var haldið til Belgíu, þar sem dvalist var við æfingar í 3 daga. Einnig var leikinn 1 landsleikur við hið sterka landslið Belga og eftir tvísýnan leik, sigrou þeir með tveggja stiga mun.

Frá Belgíu var síðan haldið til Sion í Sviss, þar sem C-riðill Evrópumótsins fór fram 12.-16. apríl. Dagana 8.-12. apríl fóru og fram leikir í hinni "grúppunni" í C-riðlinum í Jersey í Englandi. Eitt lið komst upp úr hvorri grúppu í B-riðil.

Keppnisaðstaður í Sion voru eins og best var á kosið. Hótel- aðstaða virtist hins vegar ekki upp á hið besta í byrjun, en það var bætt upp með frábærri gestrisni hótelstýrunnar, og þegar upp var staðið þá hefði enginn viljað skipta.

Varðandi undirbúninginn hafði, auk hinna líkamlegu og tækni- legu æfinga, verið lögð mikil rækt við hina félagslegu og and- legu hlið. Piltarnir höfðu og aðgang að sjúkráþjálfara í allan vetur, sem fylgdist með öllum æfingum og leikjum og var að sjálfsögðu með í utanferðinni. Þá var videotæknin tekin í þjónustu landsliðsins og eru þannig allir leikir liðsins á tímabilinu til á bandi.

Hvað viðkom undirbúningi og aðstaðum á keppnisstað, þá má því segja að landsliðið hafi andlega og líkamlega verið allvel undirbúið þegar keppnin hófst.

Um mótherjana, Skota, Svisslendinga, Alsírþúa og Portúgala var harla lítið vitað. Skoska liðið þekktum við einna best og Portúgali höfðum við leikið við fyrir 4 og 5 árum síðan og unnið þá með nokkrum yfirburðum. Ógerningur hafði reynst að afla upplýsinga um landsleiki þessara þjóða, nema Skota. Var það hald flestra að Skotar og Svisslendingar væru með sterkustu liðin í riðlinum.



Fyrsti leikur Íslands var síðan gegn Skotum. Eftir jafnan fyrri hálfleik, þá tóku Íslensku piltarnir öll völd á vellinum og sigruðu auðveldlega.

Næsti leikur var gegn Portúgal. Þar sem þeir sátu hjá fyrsta kvöldið, þá var enn lítið vitað um styrkleika þeirra, en þó var ljóst að framfarir þeirra væru mjög miklar, þar sem gífurlegu fjármagni hafði verið veitt til landsliðs þeirra síðustu árin. Leikur Íslands og Portúgal var mjög jafn frá upphafi til enda, en eftir framlengdan leik, þá sigruðu Portúgalir naumlega.

Þriðji leikurinn var gegn Alsír, en áður en sá leikur fór fram hafði Portúgal einnig sigrað svissneska landsliðið og þannig nær örugglega tryggt sér sigur í riðlinum. Eftir þau úrslit, og tapið kvöldinu áður, var Íslenska liðið því undir mikilli móralskri pressu í leiknum gegn hinum léttleikandi Alsírbúum, en tókst að sigra með tveggja stiga mun eftir mjög jafnan leik.

Fjórði og síðasti leikurinn var gegn Svisslendingum. Í hálfleik höfðu þeir 5 stig yfir, en í seinni hálfleik fór Íslenska landsliðið á kostum og sigraði léttilega, þrátt fyrir að troðfullt hús heimamanna hvetti sitt lið.

Portúgal vann sigur í öllum sínum leikjum og sigraði því í riðlinum. Ísland var í öðru sæti, Sviss í þriðja, Alsír í fjórða og Skotar í fimmta og síðasta sæti.

Ekki skal velt vöngum frekar um þessi úrslit hér, en það var mál manna og blaða að Íslenska landsliðið væri það heilsteypasta í riðlinum og það lið, sem hvað bestan möguleika hefði til að veita liðum í B-riðli einhverja keppni. Hvað sem öðru líður þá var árangurinn tvímælalaust góður og reyndar, ásamt undanfarandi landsleikjum, líklega sá besti sem Íslenskt körfubolta-landslið hefur sýnt frá upphafi.

Að loknu mótinu var Pétur Guðmundsson kjörinn leikmaður mótsins, enda var hann yfirburðamaður hvort sem varðaði stigaskor, fráköst eða hittni.

Pétur og Jón Sigurðsson fyrirliði Íslenska liðsins voru og valdir af blaðamönnum á staðnum í besta 5 manna liðið, ásamt 2 Svisslendingum og 1 Portúgala.

Úrslit leikja landsliðs Íslands síðasta keppnistímabil og landsliðsmenn sem æfðu og léku.

<u>Leikir</u>	<u>Úrslit</u>	<u>Leikstaðir</u>	<u>Dagsetning</u>
Ísland - Kína	89-90	Reykjavík	9/10/80
" "	83-93	Borgarnes	11/10/80
" "	96-85	Njarðvík	12/10/80
Ísland - Frakkland	79-75	Reykjavík	27/12/80
" "	69-65	Keflavík	28/12/80
Ísland - Finnland	65-71	Reykjavík	26/ 3/81
" "	97-95	Keflavík	27/ 3/81
" "	90-91	Borgarnes	28/ 3/81
Ísland - England	64-89	Endinborg, Skotl.	3/ 4/81
Ísland - Noregur	88-51	Glasgow, Skotl.	4/ 4/81
Ísland - Wales	101-66	Glenrothes, Skotl.	5/ 4/81
Ísland - Belgía	78-80	Fleurus, Belgíu	8/ 4/81
Ísland - Skotland	82-69	Sion, Sviss	12/ 4/81
Ísland - Portúgal	91-94	" "	13/ 4/81
Ísland - Alsír	72-70	" "	14/ 4/81
Ísland - Sviss	80-71	" "	15/ 4/81

Alls voru leiknir 16 landsleikir á tímabilinu, 9 unnust og 7 töpuðust.

Eftirtaldir leikmenn léku með íslenska landsliðinu á tímabilinu:

<u>Nöfn</u>	<u>Félög</u>	<u>Fjöldi landsl.</u>
Ágúst Líndal	KR	14
Axel Nikulásson	ÍBK	1
Guðsteinn Ingimarsson	UMFN	18
Gísli Gíslason	ÍS	9
Gunnar Þorvarðarson	UMFN	72
Jón Jörundsson	ÍR	30
Jón Sigurðsson	KR	93
Jónas Jóhannesson	UMFN	42
Kristinn Jörundsson	ÍR	65
Kristján Ágústsson	Valur	35
Pétur Guðmundsson	Valur	33
Ríkharður Hrafnkelsson	Valur	45
Símon Ólafsson	Fram	50

<u>Nöfn</u>	<u>Félög</u>	<u>Fjöldi landsl.</u>
Torfi Magnússon	Valur	60
Valur Ingimundarson	UMFN	8
Viðar Þorkelsson	Fram	2
Þorvaldur Geirsson	Fram	14

#### Þáttur Sambands Íslenskra samvinnufélaga

Allur hinn mikli undirbúningur við Íslenska körfuboltalandsliðið sl. 2 ár hefur ekki aðeins kostað svita, tár og vinnu fyrir leikmenn, þjálfara og nefndarmenn, heldur og gífurlegt fjármagn.

Vorið 1980 veitti framkvæmdastjórn SÍS landsliðsnefnd KKÍ kr. 5,5 milljónir (g.kr.) til starfsemi landsliðsins það ár. Í byrjun þessa árs bætti SÍS um betur og lét rakna af hendi 9 milljónir (g.kr.) til starfseminnar.

Samvinnuhreyfingunni verður aldrei fullþakkaðir þessir frábæru styrkir, sem gerðu það hreinlega kleift að kosta svo miklu til undirbúnings landsliðsins, sem raun ber vitni. Það skal fullyrt hér að ef þessar styrkveitingar hefðu ekki komið til, þá hefði framkvæmdin, og þar af leiðandi árangurinn orðið allt annar.

Vill landsliðsnefnd þakka framkvæmdastjórn SÍS, Erlendi Einarssyni forstjóra, og þeim Gunnsteini Karlssyni og Guðmundi Guðmundssyni fyrir frábæran velvilja og skilning og biður körfuknattleiksmenn um land allt að sýna í orði og verki þær þakkir sem Samband Íslenskra samvinnufélaga á skilið.

#### Lokaorð

Landsliðsnefnd skipuð Agnari Triðrikssyni, Kristni Stefánssyni og Steini Sveinssyni var ráðin til tveggja ára vorið 1979. Birgir Örn Birgis bættist í hópinn vorið 1980. Nefndin réð þegar í upphafi til starfa Einar Bollason sem landsliðsþjálfara og hefur hann þjálfað landsliðið þessi 2 ár.

Mikil vinna og fjármunir hafa verið lagðir í uppbyggingu landsliðsins, enda hefur árangurinn ekki látið á sér standa. Það er tvímálalaust rétt stefna að landsliðsnefnd hafi sjálfstætt starfsvið og sjálfstæðan fjárhag, svo og að kjósa hana til tveggja ára í stað eins, til að nýta tímann betur. Mælum við eindregið með sama fyrirkomulagi í náinni framtíð.

Þegar við nú látum af störfum þá leggjum við mikla áherslu á, og treystum því að uppbyggingu landsliðsins verði fram haldið, að öðrum kosti hefur verið til lítils af stað farið. Ef rétt er að farið, þá er fyllsta ástæða til að ætla að Ísland komist í B-riðil á næsta ári.

Að lokum viljum við þakka Einari Bollasyni landsliðsþjálfara fyrir mjög vel unnin störf, landsliðspiltunum fyrir ódrepani áhuga og dugnað, Svandísi Sigurðardóttur sjúkráþjálfara fyrir hennar stóra þátt, Jóhannesi Sæmundssyni íþróttakennara fyrir leiðbeiningar og ræktarsemi, svo og öllum þeim öðrum er lögðu hönd á plöginn til að vinna að landsliðsmálum sl. 2 ár.

Reykjavík 27. apríl 1981  
f.h. landsliðsnefndar KKÍ

Steinn Sveinsson

## SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR

Núverandi Unglinganefnd KKÍ tók við störfum í desember 1979 af þeim Gunnari Gunnarssyni og Ingvari Jónssyni.

Eins og nafn nefndarinnar ber með sér, er ætlast til að nefndin starfi samkvæmt "reglugerð" eða drögum að reglugerð, sem lögð var fyrir þing KKÍ 1980.

Þar sem umrædd reglugerð var ekki enn orðin lögleg, varð úr, að út-gefið var skipunarbréf, sem samþykkt var af nefndarmönnum og stjórn KKÍ og starfaði nefndin samkvæmt því.

Fyrsta aðalverkefnið var undirbúningur Unglingalandsliðs KKÍ, vegna Norðurlandamóts unglunga, sem háð var hér á landi í janúar s.l.

Pólar-Cup-nefndin mun gefa skýrslu um þá keppni.

Æfingar undir leiðsögu Hilmars Hafsteinssonar hófust strax í jan. 1980 - 24 piltar voru boðaðir, en 19 mættu til æfinga.

Til að tryggja þeim keppni, var haft samband við Velska-sambandið og einnig skrifað til -People-to-people-, með ósk um væntanleg samskipti - jákvætt svar barst frá Velska sambandinu en svar hefur enn ekki borist frá People-to-people.

Ákveðið var að Unglingalandslið Wales kæmi hingað og spilaði 3-4 leiki, sem og varð, Unglingarnir sáu um allan undirbúning, ásamt nefndarmönnum og söfnuðu auglýsingum í mjög góða leikskrá, sem að hluta kom upp í kostnað. Yfirlit um leiki o.fl. fylgir hér með.

Unglingabúðir voru starfræktar á Laugarvatni 15.-22. ágúst 1980. 34 piltar á aldrinum 15 og 16 ára boðuðu komu sína og var þátt-tökugjald 70 þúsund og skyldi það mæta kostnaði. Æfingar og leiðsögn voru alla daga frá 0900 - 1700.

Hlé varð síðan á störfum, því Velska sambandið gat ekki, eða vildi ekki taka á móti okkar liði fyrr en á árinu 1981. Ekki þótti tímabært að reyna nýjar leiðir og varð það því úr, að nefndin féll í dvala, þar til í desember 1980, er æfingar hófust að nýju. Æfingar voru allt að því á hverjum degi fram að "Polar-Cup" og eiga piltarnir þökk fyrir ósérhlífina við æfingar. Allt var greitt af þeim sjálfum, ferðir og þess háttar.

Hér lýkur yfirliti yfir störf nefndarinnar og má eflaust finna ýmislegt að - en hér viljum við koma að aðalefninu, þ.e. fjárhagnum. Öll starfsemi nefndarinnar, laun þjálfara, ferðir nefndarmanna á

á æfingar og leiki ásamt vikudvöl á Laugarvatni, hefur verið unnin í sjálfboðavinnu, þrátt fyrir það að í skipunarbréfi er gert ráð fyrir að stjórn KKÍ leggi fram "ákveðna upphæð".

Framkvæmdastjórn hefur ávallt sagt að ekkert fé sé til, ekkert hafi verið ákveðið, ekkert á fjárlögum, hvorki til nefndarinnar né til "Polar-Cup". Hvernig getur slíkt átt sér stað?

Samkvæmt skipunarbréfi, eins og áður um getur, á KKÍ að sjá nefndinni fyrir ákveðinni upphæð ásamt innkomu af unglíngalandsleikjum o.fl. o.fl.

Með hverju á að byggja upp unglíngastarfsemi, unglíngalandslið til framtíðar, ef enginn fjárhagur er til staðar?

Við skorum á þetta þing að styðja vel við næstu unglínganefnd, með því að setja álitlega fjárhæð inn á fjárhagsáætlun.

Fjárhæð, sem nægi fyrir góðum undirbúningi fyrir þátttöku pílta í "næsta Evrópu "Cadetta"-mót, en þátttaka þarf að tilkynnast fyrir 25. maí nk. Sjáum til þess, að aldrei komi fyrir aftur, að við drögum okkur til baka úr Evrópu-móti, eins og gert var í Finnlandi á sl. ári.

Framkvæmdastjórn KKÍ, þarf að vera vel vakandi þegar bréf og upplýsingar um mót o.fl. sem varðar unglíngana berast nefndinni, en geymi þau ekki í skrifstofu þar til nefndarmenn rekast þar inn.

Við skorum enn á fundarmenn að sýna í verki að þessi nefnd sé meira en nafnið tómt. Gerum það stórt átak að nefndin eða launaður nefndarmaður (helst þjálfari) geti ferðast vítt og breitt um landið, fylgst með unglíngum í keppni og leik, eða þá sameinað þessa nefnd, útbreiðslunefnd.

Tekjur:

23/4'80	inneign	4.246,-*
28/3'80	innl. tekjur Island-Wales	1.050,-*
16/7'80	" auglýs. v/Wales	2.700,-*
18/8'80	Þátttökugjöld v/Laugarvatns	22.800,-*
19/8 80	Auglýs. v/Wales	100,-
7/10 80	"	1.400,-
7/10 80	"	1.400,-
18/1'81	Skiptimynt	100,-
23/1 81	Auglýs. Polar Cup	600,-
23/1 81	vextir 1980	867,44
12/2 81	Auglýsingar v/Polar Cup	200,-
5/2 81	"	700,-
17/3 81	"	1.850,-
17/3 81	"	600,-
<u>samtals</u>		<u>38.613,44</u>

Gjöld:

áv.no:

25/4 80	Gjafir v/Wales (fararstj.)	160,-*	716805
26/4 80	" (leikmenn)	103,-*	- 6
10/5 80	Framköllun mynda (Wales)	123,95*	- 7
13/5 80	Boðskort + auglýs. (Wales)	585,25*	- 8
14/5 80	Æfingatímar	480,-*	- 9
22/5 80	Leikskrá (Wales)	1.500,-*	- 10
16/7 80	Ferðakostn. "	619,54*	- 11
25/7	Hótelkostn " (innb)	4.000,-*	- 12
11/8	Frímerki	10,70*	- 13
19/8	Kostn. v/Laugarv.	220,-*	- 14
25/8	Ferðakostn. Laugarv.	4.000,-*	- 15
5/9	Prentun-kennsluefni-Laugarv.	608,94*	- 16
3/10	ÍSí v/Laugarv.	16.110,-*	- 17
12/10	Kostn. v/Laugarv.	425.35*	- 18
15/12	Hótelkostn, lokareikn.	1.862.40*	- 19
31/12	Æfingatímar	335,-	- 20
9/1'81	Skiptimynt v/Pólar Cup	100,-	- 22
10/1	Kostn. v/Polar Cup	187,-	- 23
23/1	Leikskrá " (innb.)	1.000,-	- 24
23/1	Húsaleiga "	360,-	- 25
12/2	U.L.peysur v/Polar Cup	600,-	969401
5/2	ávisanahefti	16,-	- 2
26/2	Leikskrá (lokagr.)	1.300,-	- 3
27/4	Dýðingar á bréfum	150,-	- 4
30/4	Gjafir	1.780,-	- 5
		<u>38.637,13</u>	

ÍSLAND - WALES APRÍL 1980

Reykjavík	Ísland - Wales	119 : 45
Njarðvík	Ísland - Wales	123 : 58
Hafnarfj.	Ísland - Wales	107 : 67
Borgarnes	Ísland - Wales	122 : 63
		<u>471 : 233</u>

---

Meðalskor í leik: 117,7 stig  
Fengin stig í leik 55,2 "

---

Einstakir leikmenn:	fjöldi leikja	samt. stig	meðalt. í leik
16,7 Axel Nikulásson	3	50	16,7
Benedikt Ingbórsson	2	12	6,0
Hálf dán Markússon	3	16	5,3
Helgi Jensson	2	12	6,0
10 Hörður Arnarson	2	20	10,0
4,1 Jón Kr. Gíslason	4	32	8,0
7,7 Leifur Gústafsson	3	23	7,7
8,3 Pálmar Sigurðsson	3	43	14,3
Sverrir Hjörleifsson	3	10	3,3
Sigurður Sigurðsson	2	12	6,0
17,3 Valur Ingimundarson	4	76	19,0
7,0 Valdimar Guðlaugsson	4	35	8,7
17,7 Viðar Þorkelsson	4	71	17,7
4,0 Viðar Vignisson	3	23	7,7
Willum Þórsson	3	34	11,3

---

Í hófi sem unglínganefnd hélt piltunum að aflokinni keppni, voru afhent landsliðsmerki og eftirtaldir piltar hlutu viðurkenningu:

Prúðasti leikmaður:	Hálf dán Markússon
Mestu framfarir:	Viðar Þorkelsson
Jákvæðasti leikmaður innan vallar:	Axel Nikulásson
Besti spilarinn (playmaker):	Jón Kr. Gíslason



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

REKSTRARREIKNINGUR 1/5 1980 - 30/4 1981

<u>Tekjur:</u>	(Skýr.)	<u>1980-1981</u>	<u>1979-1980</u> <u>þús. kr.</u>
Íslandsmót .....	(1)	Kr. 3.972.265	2.606
Bikarkeppni .....	(2)	" 2.425.999	764
Styrkir .....	(3)	" 5.318.286	2.491
Sjónvarpsréttindi .....		" 3.140.000	3.321
Auglýsingar á búingum ....		" 760.000	270
Skólamót .....		" 549.400	59
Firmakeppni.....		" 240.000	0
Keppnisleyfi .....		" 2.100.000	0
Dansleikir .....		" 0	194
Vaxtatekjur .....	(4)	" 2.507.675	226
		<u>Kr.21.013.625</u>	<u>9.931</u>

Gjöld:

Styrkur landsliðsnefnda ..		Kr. 3.000.000	918
Styrkur unglínganefndar ..		" 0	669
Polar-Cup ungl. 1981 .....	(5)	" 5.898.373	0
Ferðakostnaður .....		" 273.324	295
Útbreiðslunefnd .....		" 411.800	286
Annar reksturskostnaður ..	(6)	" 7.866.646	5.423
Vaxtagjöld .....		" 976.156	1.578
Afskriftir .....		" 8.666	74
Dansleikir .....		" 40.000	0
		<u>Kr.18.474.959</u>	<u>9.243</u>

Tekjuafgangur Kr. 2.538.666 688

EFNAHAGSREIKNINGUR pr. 30. APRÍL 1981

<u>Eignir:</u>	(skýr)	<u>1980-1981</u>	<u>1979-1980</u> <u>þús. kr.</u>
Sjóður og bankainnistæður		Kr. 2.595.899	1.190
Víxleign .....		" 106.400	141
Skuldunautar .....	(7)	" 7.754.180	2.200
Skrifstofuhúsgögn og áhöld		" 49.074	58
KKÍ merki .....		" 96.470	66
Kennslugögn .....		" 321.408	850
Olympíuþeningar .....		" 27.500	28
Eignir alls:		<u>Kr.10.950.931</u>	<u>4.533</u>

Skuldir:

Ógreiddir reikningar .....	(8)	Kr. 7.117.703	4.398
Lánadrottinnar .....	(9)	" 2.431.284	1.272
Skuldir alls:		<u>Kr. 9.548.987</u>	<u>5.670</u>

Eigið fé 30/4 1981	(10)	<u>Kr. 1.401.944</u>	<u>(1.137)</u>
Skuldir og eigið fé samt.:		<u>Kr.10.950.931</u>	<u>4.533</u>

Við undirritaðir höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Körfuknattleikssambands Íslands, sem saminn var eftir bókhaldi sambandsins. Álitum við að reikningurinn gefi rétta mynd af efnahag sambandsins í lok apríl og veiti nægilegar upplýsingar um rekstur sambandsins á síðasta starfsári.

Reykjavík 30. apríl 1981

*Jónna Gunnarsdóttir*  
*Leifur Þorvaldursson*

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM K.K.Í.

---

1. <u>Íslandsmót</u>	
Þátttökugjöld .....	Kr. 6.515.000
Tekjur af leikjum .....	" 1.861.065
Leikskrá (auglýsingar) .....	" 1.275.000
	<u>Kr. 9.641.065</u>
Verðlaunapeningar .....	Kr. 1.540.500
Mótanefnd .....	" 3.680.380
Leikskrá (prentun) .....	" 215.000
Húsaleiga Hagaskóla .....	" 242.920
	<u>Kr. 5.678.800</u>
	<u>Kr. 3.972.265</u>
2. <u>Bikarkeppni</u>	
Þátttökugjöld .....	Kr. 2.310.000
Tekjur af leikjum .....	" 370.999
	<u>Kr. 2.680.999</u>
÷ Verðlaunapeningar .....	Kr. 255.000
	<u>Kr. 2.425.999</u>
3. <u>Styrkir</u>	
Styrkur ÍSÍ áætlaður .....	Kr. 4.500.000
Styrkur ÍSÍ vanáætlaður 1979 .....	" 492.240
Kennslustyrkur .....	" 134.046
Styrkur Norræna Menningarmálsjóðsins ..	" 192.000
	<u>Kr. 5.318.286</u>
4. <u>Vaxtatekjur</u>	
Vaxtatekjur .....	Kr. 1.461.478
Eftirgef. vaxtagj. f.f. ári.....	" 1.046.197
	<u>Kr. 2.507.675</u>

5. Polar Cup unglinga 1981

Gisting og fæði .....	Kr. 4.389.640
Akstur .....	" 848.000
Polar-Cup bolir .....	" 693.400
Húsaleiga .....	" 278.043
Verðlaunapeningar .....	" 522.000
Auglýsingar .....	" 91.000
Ljósritun & prentun .....	" 158.025
Gjafir .....	" 55.575
Boltar .....	" 80.640
Sjúkrþjálfun .....	" 116.000
	<hr/> Kr. 7.232.333
Tekjur af leikjum	" 1.333.960
	<hr/> <hr/> Kr. 5.898.373

6. Annar rekstrarkostnaður

Laun framkvæmdastjóra .....	Kr. 4.300.000
Húsaleiga - skrifstofa .....	" 421.800
Þinghald - ráðstefnur .....	" 106.500
Blaðamannafundir .....	" 230.240
Sími - burðargjöld .....	" 808.769
Pappír - prentun - ritföng .....	" 871.024
Ársgjald F.I.B.A. ....	" 446.897
Akstur .....	" 384.860
Bókhaldskostnaður .....	" 125.000
Rekstur húsnæðis .....	" 171.556
	<hr/> <hr/> Kr. 7.866.646

7. Skuldunautar

Ármann .....	Kr. 258.528
Bræður .....	" 33.480
Breiðablik .....	" 10.000
Esja .....	" 152.425
Fram .....	" 93.875
Hörður .....	" 68.755
f.s.f. ....	" 777.203

Skuldunautar - frh.

Í.A. ....	Kr.	436.108
Í.R. ....	"	198.725
Í.V. ....	"	75.850
K.A. ....	"	26.460
K.R. ....	"	299.934
K.F.Í. ....	"	49.720
Léttir ....	"	23.729
Reynir ....	"	139.465
Ríkisútvarpið - Sjónvarp ....	"	3.000.000
Snæfell ....	"	340.835
U.M.F.N. ....	"	531.403
U.M.F.S. ....	"	589.630
Þór ....	"	648.055
		<u>Kr. 7.754.180</u>

8. Ógreiddir reikningar

Lögfræðideild Landbankans .....	Kr.	435.268
Haukur Jónsson hrl. (Ótsýn) .....	"	755.000
Hótel Esja .....	"	4.638.380
Morgunblaðið .....	"	82.500
Flugleiðir hf. ....	"	32.555
Hótel Saga .....	"	1.100.000
Íþróttahús Hafnarfjarðar .....	"	60.000
Kynnisferðir sf. ....	"	14.000
		<u>Kr. 7.117.703</u>

9. Lánadrottnar

Dómaranefnd .....	Kr.	1.119.792
F.I.B.A. ....	"	444.800
M.B.-nefnd .....	"	62.240
Ólympíunefnd .....	"	184.000
Landsliðsnefnd .....	"	343.087
Valur .....	"	223.664
Í.B.R. ....	"	54.701
		<u>Kr. 2.431.284</u>

10. Eigið fé

Eigið fé pr. 30. apríl 1980 .....	Kr. (1.136.722)
Tekjuafgangur .....	" <u>2.538.666</u>
	<u>Kr. 1.401.944</u>

10. Eigið fé

Eigið fé pr. 30. apríl 1980 .....	Kr. (1.136.722)
Tekjuafgangur .....	" <u>2.538.666</u>
	<u>Kr. 1.401.944</u>